



International Migration Outlook: SOPEMI 2009

Summary in Icelandic

Horfur í alþjóðlegum fólksflutningum: SOPEMI 2009

Útdráttur á íslensku

- Fólksflutningar til OECD landa hafa aukist mjög síðustu tvo áratugin og á síðustu árum hafa flutningar vinnuafls aukist með marktækum hætti.
- Þessi útgáfa kannar fyrst efnahagskreppuna og áhrif hennar á alþjóðlega fólksflutninga, lýsir því hvernig kreppan hefur undanfarið haft áhrif á stefnumörkun mannflæðis og fólksflutninga og greinir spár um nærtíma- og langtímaáhrif.
- Síðan er athygli beint að stjórnun vinnuaflsflutninga bæði hjá farglærðum og ófaglærðum. Athugað er hvernig lönd ættu að búa sig undir framtíðarþörf á vinnumarkaðnum og hvernig best er að beina óreglulegum fólksflutningum á ný inn á heimilaðar brautir.
- Virkur hlekkur (StatLink) er fyrir hendi fyrir sérhverja töflu og línurit. Hann beinir lesandanum á vefsíðu þar sem viðkomandi gögn fást í Excel® sniði. Lesendum er einnig boðið að heimsækja www.oecd.org/els/migrations/pmi þar sem landaskýringar, þróunargreiningar og tölfræðilegir viðaukar verða fáanlegir eftir október 2009.

Inngangur

Þar sem færri ungt fólk kemur inn á vinnumarkaðinn og kynslóðin, sem fæddist upp úr miðri síðustu öld, sest í helgan stein hafa mörg OECD lönd horft til innflutnings á vinnuafli með það fyrir augum að fylla upp í væntanleg skörð varðandi vinnuafli á komandi áratugum. Árið 2015 mun fjöldi fólks, sem fer á eftirlaun í OECD löndum, fara fram úr fjölda fólks, sem kemur nýtt inn á vinnumarkaðinn, og mun það hlutfall haldast í mörg ár. Þótt alþjóðlegir fólksflutningar séu ekki eina leiðin til að takast á við skort á vinnuafli – tækni, útvistun og meiri hreyfanleiki á framboði á innlendu vinnuafli eru aðrar leiðir – kunna þeir að vera mikilsverðir til að mæta þörfum á vissum starfssviðum í vissum löndum.

Eins og er hefur fjármálakreppan breytt myndinni með afgerandi hætti og dregið úr þrýstingi á vinnumarkaði. Nettó fólksflutningar hafa átt það til að minnka á síðustu krepputímum þar sem vinnuveitendur þurfa á færri starfsmönnum að halda, minna er um framboð á störfum til að laða að innflytjendur og vegna þess að sjálf stjórnvöldin breyta stefnum til að draga úr innflutningi fólks, t.d. með því að lækka fjöldaviðmið hvað varðar innflutning vinnuafls þar sem það á við eða með því að fjarlægja vissar starfsgreinar af lista yfir skort á vinnuafli.

Núverandi kreppa er engin undantekning. Hún hefur haft mikil neikvæð áhrif á aðstæður á vinnumarkaðnum almennt í OECD löndum, dregið úr hreyfanleika vinnuafls, en einnig fært til baka flestar framfarir á vinnumarkaði, sem innflytjendur hafa náð á síðustu árum.

Lönd, sem urðu fyrst fyrir áfalli kreppunnar, sýna mikla aukningu atvinnuleysis og samdrátt í atvinnu innfluttra, bæði heildar- og hlutfallslega, í samnaburði við innfæddra. Margar ástæður eru fyrir því að innflytjendur eiga það til að verða fyrir meiri áföllum en innfæddir starfsmenn þegar hagsæld minnkar, meðal annars vegna þess að þeir eru of margir í árstíðarbundnum viðkvæmum atvinnugreinum, þeir hafa minna samningsbundið öryggi og þeir eru háðir valvísun ráðningum og brottrekstri. Auk þess er það svo að bæði nýkomnir innflytjendur og þeir, sem missa vinnuna í niðursveifnunni, virðast eiga sérstaklega erfitt með að komast inn á eða komast aftur inn á vinnumarkaðinn á varanlegum grunni. Í fyrsta skipti í ára raðir hefur hlutfall innfluttra starfsmanna í Bandaríkjunum lækkað niður fyrir sambærilegt hlutfall innfæddra.

Stjórnvöld þurfa að vera vakandi til að tryggja að niðurstöður hnignandi vinnumarkaðar fyrir innflytjendur takmarki ekki möguleika á frekari fólksflutningum þegar kemur til vaxtar á ný. Halda verður við samþættingaráætlunum, styrkja þarf aðgerðir gegn mismunun og innflytjendur eiga að standa jafnt að vígi hvað varðar virka

vinnumarkaðsstefnu vegna atvinnuleysis.

Þörfin á því að hafa almennari stjórnun á hreyfanleika innflutts vinnuafls hverfur ekki vegna niðursveiflunnar. Skortur er stundum viðvarandi og vænta má meira flæðis þegar jafnvægi næst á ný. Aðeins er hægt að ná tökum á þessu ef heildaryfirsýn til langs tíma er mótuð í löndum. Móta þarf stefnu, sem tryggir svörun fólksflutninga við þörf fyrir vinnuafll, sem beinist að því að draga úr óreglulegum hreyfanleika og sem hvetur til betri langtímaaðlögun innflytjenda og barna þeirra.

Á síðustu áratugum hafa flest stjórnvöld verið hlynnt faglærðum innflytjendum og komið fram með aðgerðir, sem auðvelda það að fá faglærðra innflytjendur til starfa og búsetu, en þau verða að viðurkenna að það er einnig þörf fyrir ófaglærða innflytjendur í ýmsum starfsgreinum og atvinnugreinum. Hvort hleypa eigi slíkum innflytjendum inn í landið er pólitískur valkostur og þarf að meta það í ljósi kostnaðar og ábata fyrir áfangalandið. Í reynd hafa flest lönd einnig verið að íhuga að opna leiðir fyrir aðflutning ófaglærðra. Það er viðurkennt í auknum mæli að val um að bjóða takmarkaða möguleika á löglegu aðgengi fyrir ófaglærða þegar eftirspurn þar að lútandi er mikil kann að opna gáttir fyrir óreglubundinn aðflutning og framkvæmd slíkrar stefnu kann að vera örðug og dýrkeypt.

Meðal landa, sem vilja heimila innflutning ófaglærðs vinnuafll, myndu mörg þeirra helst vilja stjórna innflutningi ófaglærðra með skipulögðum, tímabundnum innflutningsáætlunum. En aðflutningur til bráðabirgða er skynsamlegur eingöngu þegar þörf fyrir vinnuafll er sannarlega til bráðabirgða. Það kann að vera erfitt og kostnaðarsamt að tryggja að aðflutningur fólks sé eingöngu til bráðabirgða ef þörf fyrir vinnuafll er stöðug. Þá hafa bæði innflytjendur og vinnuveitendur áhuga á að viðhalda ráðningarsambandi.

OECD lönd þurfa að koma á kerfi varðandi innflutning á vinnuaflli, sem tekur á þörfum á öllum kunnáttusviðum og sem eru keyrð áfram af eftirspurn. Slík kerfi þurfa að fela í sér hvata bæði fyrir vinnuveitendur og innflytjendur til að framfylgja reglunum og feli í sér öryggisráðstafanir, sem vernda innflytjendur sem og innlent vinnuafll. Semja verður formlegar ráðningarreglur fyrir ófaglærð störf ef löglegar leiðir eiga að hafa einhverja möguleika á að keppa við óformlegar persónulegar aðferðir, sem nú eru notaðar af vinnuveitendum og óreglubundnum innflytjendum. Þannig þurfa innflutningsáætlanir að:

- Þekkja þarfir vinnumarkaðsins;
- Koma á fót formlegum ráðningarreglum fyrir ófaglærða innflytjendur;
- Gefa út nægilegan fjölda vegabréfsáritana og afgreiða þær með skjóttum hætti;
- Sjá fyrir skilvirkum leiðum til að sannreyna búsetu- og innflytjendastöðu;
- Koma í framkvæmd skilvirku landamæraeftirliti og

styrkingu vinnustaðaáætlana.

Þegar slíkum kerfum hefur verið komið á fót ætti ráðning óreglubundinna innflytjenda að vera lítt umborin með skilvirkri framfylgni og refsingum fyrir vinnuveitendur, sem brjóta reglurnar.

Á undanförunum árum hefur aðflutningur faglærðs vinnuafls breyst. Áður var um að ræða hreyfanleika aðallega innan OECD landanna, en nú eru innflytjendur að stórum hluta frá þriðja heims löndum með hæfni og vinnureynslu, sem vinnuveitendur líta oft framhjá. Þetta getur leitt af sér sóun á mannauði sem og vandræði ef væntingar innflytjenda hvað varðar hæfni þeirra og reynslu eru ekki teknar til greina. Mörg verri málalok eiga hins vegar við þær aðstæður þegar innflytjendur hafa komið inn án atvinnu og án þess að hafa endilega í öllum tilvikum metið réttilega útlitið á vinnumarkaðinum í gestgjafalandinu áður en lagt er að stað.

Skynsamlegasta leiðin til að takast á við mismunandi væntingar faglærðra innflytjenda og hvort þeir komist inn á vinnumarkaðinn er að draga úr líkum á að þetta gerist með því að gera ráðstafanir fyrirfram, áður en innflytjendur koma til landsins. Þetta þýðir í raun að:

- styðja væntanlega innflytjendur sem hafa fyrirfram tilboð um vinnu;
- meta tungumálakunnáttu og hæfni áður en innganga er veitt;
- koma í framkvæmd, þar sem við á, víðtækara mati og staðfestingarferli fyrir erlenda kunnáttu og starfsreynslu.

Að fá til starfa alþjóðlega námsmenn, sem ljúka námi sínu í landinu, er ein leið til að tryggja að innflytjendur koma inn á vinnumarkaðinn með kunnáttu, sem þörf er fyrir og er viðurkennd. Með því að auka skráningu alþjóðlegra námsmanna er hægt að mynda nýjan hóp væntanlegra innflytjenda með innlenda kunnáttu, sem ráða má til starfa, með minni áhættu vegna upprunalandanna, þar sem kostnaður við þjálfun er að hluta til borinn af móttökulandinu eða innflytjendunum sjálfum, heldur en með því að ráða úr hópi faglærðra starfsmanna erlendis frá.

OECD lönd þurfa að gera betur í að samþætta innflytjendur og þá sérstaklega börn þeirra. Þótt innflutt vinnuafli kunni að hafa vinnu við komu til landsins tryggir það ekki möguleika á langtímaráðningu og þá sérstaklega fyrir þá sem minna eru menntaðir. Þetta á sérstaklega við nú á tímum niðursveiflu þar sem innflytjendur mæta yfirleitt meiri vanda þegar efnahagsaðstæður eru mjög slæmar. Stefnumörkun þarf að beinast gegn landfræðilegri og félagslegri einangrun innflytjendasamfélaga, sem skaðar tungumálanám og aðgengi að vinnuveitendum og tækifærum til að starfa. Ráðstafanir, sem ýta undir snemmbúin kynni af tungumáli gistilandsins og grunnskólakennslu

fyrir börn innflytjenda, þarf að styrkja.

Ef innflutningi vinnuafls er vel stjórnað getur það haft sína kosti fyrir áfangalöndin ásamt því að hafa í för með sér mikinn hag fyrir upprunalöndin. Greiðslur auka mjög velferð þeirra, sem þær fá. Þýðingarmikill hluti er notaður í fjárfestingar á sviði heilbrigðis- og menntamála sem síðan bætist við mannauðinn í upprunalöndunum og ýtir undir mögulegan vöxt. Þegar snúið er aftur til upprunalandanna er hægt að tengja það við flutning þekkingar og tækni og fjárfestingu í viðskiptastarfsemi.

En væntingar verða að vera í réttu samhengi. Fjöldi innflutts vinnuafls er ekki líklegur til að vera mikill þegar tekið er tillit til íbúafjölda flestra upprunalandanna. Lönd, sem hafa tiltölulega hátt hlutfall innflytjenda, munu hagnast sérstaklega.

OECD lönd geta lagt af mörkum með því að styðja samskipti milli fjarlægari staða, fjarlægja letjandi ástæður gegn flutningi aftur til heimahaga, svo sem vegna missis eða vöntunar á tilfærslu lífeyrisframlaga eða taps dvalarréttinda vegna bráðabirgðafjarvista og með því að draga úr hömlunum á hreyfanleika fólks vegna verkefna til bráðabirgða fyrir faglærða.

© OECD 2009

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing..

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjöltyngdir útdrættir eru þýdd á grip af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.

Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD www.oecd.org/bookshop/

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf hjá: rights@oecd.org eða með faxi: +33 (0)1 45 24 99 30.

OECD Rights and Translation unit (PAC)
2 rue André-Pascal, 75116
Paris, France

Heimsækið vefsíðu okkar www.oecd.org/rights/

